

Selfossi, 28. nóv. 2000

78. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn í Ráðhúsi Ölfuss, Þorlákshöfn, þriðjudaginn 28. nóv. 2000, kl. 9:00

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

- 1. Upplýsingar um starfsemina í Kirkjuferjuháleigu.**
Samtals hafa borist 24.600 tonn fyrstu 10 mánuði ársins. Fram kom að Sorpstöðin hyggst að eigin frumkvæði láta mæla erlendis nákvæmar en gert hefur verið efnasamsetningu sigvatns frá urðunarsvæðinu.
- 2. Frágangur urðunarsvæðis. Bréf frá Sveitarfélaginu Ölfusi, dags. 28. ágúst, 11. og 12. september sl.**
Verið er að vinna að tillögum af hálfu Landsforms ehf. á útfærslu á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Tillögurnar munu liggja fyrir í janúar nk. Þær munu taka mið af næsta umhverfi svæðisins.
Samþykkt að óska jafnframt eftir tillögum um frekari trjárækt á svæðinu. Tillögurnar verða lagðar fyrir bæjarstjórn Ölfuss.
- 3. Endurnýjun á troðara – erindi frá Merkúr hf., dags. 25. október 2000.**
Samþykkt að ganga til samninga við Merkúr um kaup á nýjum troðara á grundvelli tilboðs.
- 4. Fundargerð stjórnar Kjötmjöls frá 12. september sl.**
Fundargerðin staðfest.
- 5. Önnur mál.**
 - a. Fjárhagsáætlun 2001, drög verða lögð fram á næsta fundi.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 12. des. , kl. 9:00.

Fundi slitið kl. 10:20

Karl Björnsson Sesselja Jónsdóttir Ágúst Ingi Ólafsson Þorvarður Hjaltason